



Tillögur tilnefningarnefndar fyrir aðalfund Arion banka hf. 13. mars 2024

Aðalfundur Arion banka hf. („Arion banki“ eða „bankinn“) var boðaður 20. febrúar 2024. Fundurinn verður haldinn 13. mars 2024 klukkan 16:00 í höfuðstöðvum bankans í Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Meðfylgjandi er skýrsla tilnefningarnefndar Arion banka („tilnefningarnefnd“ eða „nefndin“) og tillögur tilnefningarnefndar vegna dagskrárliða nr. 4 og 6 í fundarboði vegna aðalfundar árið 2024.

Efnisyfirlit:

1. Hlutverk tilnefningarnefndar
2. Skipan tilnefningarnefndar Arion banka 2023-2024
3. Störf tilnefningarnefndar á liðnu starfsári
4. Tillögur tilnefningarnefndar um stjórnarmenn Arion banka hf.
5. Tillaga tilnefningarnefndar um formann stjórnar Arion banka hf.
6. Tillaga tilnefningarnefndar um varaformann stjórnar Arion banka hf.
7. Tillögur tilnefningarnefndar um skipan varamanna stjórnar Arion banka hf.
8. Umfjöllun um aðra frambjóðendur til aðalstjórnar Arion banka hf.
9. Tillaga tilnefningarnefndar um þóknun stjórnarmanna Arion banka hf.
10. Umfjöllun um störf tilnefningarnefnda

1. Hlutverk tilnefningarnefndar

Gildandi starfsreglur tilnefningarnefndar Arion banka voru samþykktar á aðalfundi bankans þann 15. mars 2023. Hluthafar kjósa tvo af þremur nefndarmönnum á hluthafafundi og stjórn bankans skipar þann þriðja. Meginhlutverk nefndarinnar er að tryggja að stjórn bankans sé skipuð einstaklingum sem hafa yfir að búa ákjósanlegri og víðtækri þekkingu, menntun og reynslu, til að stuðla að góðum stjórnarháttum innan bankans.

Skv. starfsreglum nefndarinnar, og með vísan til breytinga á 53. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sem tóku gildi þann 1. júlí 2023, skal tilnefningarnefnd setja fram við hluthafa rökstudda tillögu sína um þá frambjóðendur sem nefndin telur best til þess fallna að sitja í stjórn bankans. Við framkvæmd starfa sinna skal nefndin taka tillit til hagsmuna allra hluthafa bankans. Tilnefningarnefnd skal tryggja að þeir frambjóðendur sem nefndin tilnefnir búi yfir nægri þekkingu, kunnáttu, fjölbreytileika og reynslu sem nauðsynleg er fyrir starfsemi bankans sem fjármálafyrirtækis.

Tillögur tilnefningarnefndar skulu einnig tilgreina hvaða stjórnarmenn skuli gegna starfi formanns og varaformanns stjórnar bankans. Tilnefningarnefnd skal jafnframt leggja fyrir aðalfund tillögur um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf sín. Þá skal tilnefningarnefnd leggja mat á stefnu bankans við ráðningar stjórnenda og skila umsögn til stjórnar.

Frekari upplýsingar um hlutverk tilnefningarnefndar má finna í starfsreglum tilnefningarnefndar sem aðgengilegar eru á vefsíðu bankans.



2. Skipan tilnefningarnefndar Arion banka 2023-2024

Tilnefningarnefnd Arion banka er skipuð þremur aðilum. Í samræmi við gildandi starfsreglur tilnefningarnefndar voru tveir aðilar kjörnir af hluthöfum á síðasta aðalfundi bankans þann 15. mars 2023, Júlíus Þorfinnsson og Auður Bjarnadóttir. Þriðji nefndarmaðurinn, Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir, varastjórnarmaður bankans, var í kjölfarið skipuð í nefndina af stjórn bankans. Júlíus Þorfinnsson var kjörinn formaður tilnefningarnefndar. Auður Bjarnadóttir var kjörin ritari.

3. Störf tilnefningarnefndar á liðnu starfsári

Tilnefningarnefnd hélt fjölmarga fundi á tímabilinu desember 2023 til loka febrúar 2024 til að skipuleggja tilnefningarferlið, kynna sér árangursmat stjórnar, undirbúa og taka viðtöl við stjórnarmenn, frambjóðendur, stjórnendur og stærstu hluthafa, greina starfskjör stjórnar bankans í samanburði við vinnuframlag og starfskjör stjórnar í sambærilegum félögum, meta stefnu bankans varðandi ráðningu stjórnenda og vinna að skýrslu- og tillögugerð sinni.

Tilnefningarnefnd birti tilkynningu í fyrirtækjafréttum Nasdaq OMX Iceland hinn 4. janúar 2024 þar sem óskað var eftir framboðum til stjórnar Arion banka og framboðsfrestur tilkynntur, auk þess sem hluthöfum var boðið að funda með tilnefningarnefnd. Tilnefningarnefnd sendi einnig tölvupóst til 20 stærstu hluthafa bankans sem samanlegt eiga um 2/3 hlutafjár í bankanum þar sem hluthöfum var boðið til fundar við nefndina. Þann 7. febrúar 2024 birti tilnefningarnefnd tilkynningu í fyrirtækjafréttum Nasdaq OMX Iceland þar sem framboðsfrestur var framlengdur til 21. febrúar 2024. Lenging framboðsfrests olli seinkun á birtingu skýrslu þessarar, sem upphaflega stóð til að birta 28. febrúar 2024.

Á síðustu vikum hefur tilnefningarnefnd lagt mat á störf og hæfni stjórnar og átt viðtöl við stjórnarmenn og frambjóðendur sem og stjórnendur bankans. Tilnefningarnefnd fór jafnframt yfir upplýsingar í tengslum við launakostnað stjórnarinnar, undirnefnda stjórnarinnar, fjölda funda og heildarkostnað. Tilnefningarnefnd framkvæmdi mat á stefnu bankans varðandi ráðningar stjórnenda og gaf stjórn bankans skýrslu um niðurstöðu sína. Tilnefningarnefnd átti jafnframt fundi og samskipti við fjölmarga stærri hluthafa bankans, þar sem gerð var grein fyrir störfum tilnefningarnefndar og sjónarmiðum hluthafa.

Markmið tilnefningarnefndarinnar er að tryggja að þeir einstaklingar sem tilnefndir eru til stjórnarsetu í bankanum búi yfir ákjósanlegri þekkingu, reynslu, fjölbreytileika og þeirri hæfni sem nauðsynleg er vegna starfsemi bankans sem fjármálafyrirtækis, að teknu tilliti til hagsmuna allra hluthafa bankans. Til að ná því markmiði þarf tilnefningarnefnd að leggja mat á umsækjendur, reynslu þeirra og þekkingu að teknu tilliti til gildandi reglna og þeirra hæfniskrafna sem gerðar eru til stjórnarmanna í fjármálafyrirtæki. Tilnefningarnefnd horfir jafnframt til Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins, 6. útgáfa í júlí 2021 („leiðbeiningar“). Tilnefningarnefnd ber að tryggja að samsetning stjórnar sé ávallt í samræmi við gildandi samþykktir bankans, þar með talið reglur um kynjahlutföll stjórnarmanna.

Með tilkynningum frá tilnefningarnefnd, sem birtist í fyrirtækjafréttum Nasdaq OMX Iceland þann 4. janúar 2024 og þann 7. febrúar 2024, óskaði nefndin eftir framboðum til stjórnar Arion banka. Tímabrestur til að skila inn umsókn til tilnefningarnefndar fyrir þá frambjóðendur sem óskuðu þess að hljóta umsögn tilnefningarnefndar rann út þann 21. febrúar 2024. Fjórtán framboð til aðalstjórnar bárust, þar af fimm frá sitjandi stjórnarmönnum. Tvö framboð bárust til varastjórnar.

Eftir að hafa lagt mat á frambjóðendur, verk stjórnar á undanfögnu ári, tekið tillit til sjónarmiða stærstu hluthafa bankans, og að teknu tilliti til hæfnismats stjórnar, hefur tilnefningarnefnd komist að niðurstöðu um tillögur sínar fyrir aðalfund bankans.



4. Tillögur tilnefningarnefndar um stjórnarmenn Arion banka hf.

Tilnefningarnefnd er þeirrar skoðunar, eftir þá vinnu sem fram hefur farið, að núverandi stjórn Arion banka sé skipuð afar hæfum og metnaðarfullum einstaklingum sem eru samstíga og skilvirkir í vinnu sinni og að samsetning stjórnar sé góð.

Að mati tilnefningarnefndar eru allir sitjandi stjórnarmenn sem eru í framboði, hæfir til að gegna áfram stjórnarstörfum fyrir bankann. Byggir nefndin þá niðurstöðu á viðtölum við stjórnarmenn og greiningu á þeim út frá matsþáttum nefndarinnar, sem m.a. lúta að hæfni viðkomandi hvað varðar mikilvæg lykilatriði í rekstri Arion banka s.s. útlánastarfsemi, áhættustýringu, fjármögnun, upplýsinga- og fjártækni og lögfræði, auk þekkingar á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Stjórnarmenn bankans hafa að mati nefndarinnar allir gott orðspor og búa yfir nauðsynlegri reynslu og þekkingu til geta sinnt stjórnarsetu í bankanum, hafi hver á sinn hátt, sem og sameiginlega, fjölbreytta reynslu og þekkingu sem nýtist vel í stjórnarstarfinu og nauðsynleg sé starfsemi bankans sem fjármálafyrirtækis.

Það er mat tilnefningarnefndar að miklu máli skipti að núverandi stjórnarmenn hafa setið í stjórn bankans um árabíl og búa því að talsverðri reynslu af stjórnarstörfunum. Að mati tilnefningarnefndar hafa gæði og skilvirkni stjórnarstarfsins aukist í seinni tíð og má telja líklegt að þar skipti meiri reynsla höfuðmáli.

Tilnefningarnefnd telur að hæfilegur fjöldi stjórnarmanna næsta starfsárs séu fimm. Á síðasta starfsári sátu sex manns í stjórninni en þar var um tímabundna ráðstöfun að ræða. Fyrir liggur að fimm sitjandi stjórnarmenn hafa boðið sig fram til endurkjörs í stjórn bankans.

Tilnefningarnefnd Arion banka leggur til að fimm sitjandi stjórnarmenn, þau Paul Horner, Kristín Pétursdóttir, Liv Fiksdahl, Steinunn K. Þórðardóttir og Gunnar Sturluson verði endurkjörnir stjórnarmenn bankans.

Tillaga tilnefningarnefndar leiðir af sér að stjórn bankans verði skipuð fimm einstaklingum næsta starfsárið, þremur konum og tveimur körlum. Í samþykktum bankans er kveðið á um að stjórn félagsins skuli skipuð fimm til átta stjórnarmönnum.

Tilnefningarnefnd hefur framkvæmt mat á óhæði frambjóðenda, til staðfestingar á því að stjórnin sem heild uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru um óhæði stjórnarmanna samkvæmt gildandi Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, og öðrum kröfum sem gerðar eru til stjórnar bankans, svo sem kröfum um kynjahlutföll stjórnarmanna. Tilnefningarnefnd hefur enn fremur kynnt sér og lagt mat á orðspor frambjóðenda.

Tilnefningarnefnd Arion banka leggur til að eftirfarandi fimm einstaklingar verði kjörnir stjórnarmenn bankans á aðalfundi Arion banka þann 13. mars 2024:

- 1. Paul Horner:** Paul er fæddur árið 1962. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi þann 8. ágúst 2019. Paul er varaformaður stjórnar bankans, formaður lánanefndar stjórnar og situr í áhættunefnd, tækninefnd og endurskoðunarnefnd. Paul útskrifaðist frá UK Chartered Institute of Bankers og er jafnframt með meistaraþráðu í tónlist frá University of Oxford. Paul býr að víðtækri alþjóðlegri reynslu af bankarekstri og starfaði til ársins 2019 í ýmsum stjórnunarstöðum í fjármálafyrirtækjum, m.a. hjá Barclays PLC, Royal Bank of Scotland PLC, Coutts & Co Ltd., í Zurich, og hjá Ulster Bank DAC, í Dublin. Paul hefur jafnframt mikla reynslu af stjórnarsetu í fjármálafyrirtækjum og situr nú í stjórnnum þriggja banka auk Arion banka. Paul situr í stjórn AIB Group P.L.C. og á sæti í endurskoðunarnefnd stjórnar AIB, rekstrarnefnd stjórnar og sinnir formennsku í áhættunefnd stjórnar. Einnig situr hann í stjórn LHV (UK) Ltd. og á sæti í endurskoðunar-, tilnefningar- og starfskjaranefnd stjórnar, auk þess að sinna formennsku í



áhættunefnd stjórnar LHV. Enn fremur situr Paul í stjórn bresks dótturfélags The National Bank of Kuwait og er formaður áhættunefndar stjórnar og situr einnig í endurskoðunarnefnd.

Paul er með yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af alþjóðlegri bankastarfsemi og er sérfræðingur í áhættustýringu, lánastarfsemi og fjármögnun. Það er mat tilnefningarnefndar, að teknu tilliti til Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja, að Paul sé óháður bankanum, stjórnendum hans og stórum hluthöfum. Tilnefningarnefnd telur að Paul búi yfir nauðsynlegri reynslu og þekkingu til að starfa sem stjórnarmaður Arion banka.

- 2. Kristín Pétursdóttir:** Kristín er fædd árið 1965. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á aðalfundi þann 15. mars 2023. Kristín situr í áhættunefnd, starfskjaranefnd og tækninefnd bankans. Hún er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA gráðu frá Norges Handelshøyskole. Kristín var annar stofnenda Auðar Capital og starfaði sem forstjóri þess fyrirtækis frá 2007 til 2013 og sem stjórnarformaður frá 2013-2017 (síðar Virðing hf.). Kristín var stjórnarformaður Kvikubanka á árunum 2018-2020, forstjóri Mentor hf. 2015-2017, framkvæmdarstjóri fjárfestingar Kaupþings banka 1997-2005 og aðstoðarforstjóri Singer & Friedlander 2005-2007. Kristín hefur setið í stjórnnum Ölgerðarinnar, Tals, Yggdrasils, Singer & Friedlander, Eyrir Invest, Grid, Viðskiptaráðs, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fjármálafyrirtækja. Kristín hefur einnig setið í fjárfestingaráðum framtakssjóðanna Eddu, Freyju og Auðar I. Kristín starfar í dag sem sjálfstætt starfandi stjórnendaráðgjafi.

Kristín hefur viðtæka stjórnunarreynslu á banka-, fjármála- og tæknimarkaði, þekkir vel til íslensks viðskiptalífs og hefur m.a. sérhæft sig á sviði stefnumótunar og sjálfbærni. Það er mat tilnefningarnefndar, að teknu tilliti til Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja, að Kristín sé óháð bankanum, stjórnendum hans og stórum hluthöfum. Tilnefningarnefnd telur að Kristín búi yfir nauðsynlegri reynslu og þekkingu fyrir störf stjórnarmanns í bankanum.

- 3. Gunnar Sturluson:** Gunnar er fæddur árið 1967. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi þann 8. ágúst 2019. Gunnar er formaður endurskoðunarnefndar stjórnar og situr í lánanefnd og áhættunefnd stjórnar. Gunnar útskrifaðist með Cand. Jur gráðu frá lagadeild Háskóla Íslands, og LL.M gráðu frá Háskólanum í Amsterdam. Gunnar hefur starfað hjá LOGOS lögmannsþjónustu frá árinu 2000 sem meðeigandi og starfaði sem faglegur framkvæmdastjóri 2001-2013.

Gunnar hefur viðtæka reynslu úr lögmenntum sem og reynslu af fjölbreyttum stjórnarstörfum og yfirgripsmikla þekkingu á íslensku viðskiptalífi. Það er mat tilnefningarnefndar, að teknu tilliti til Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja, að Gunnar sé óháður bankanum, stjórnendum hans og stórum hluthöfum. Tilnefningarnefnd telur að Gunnar búi yfir nauðsynlegri reynslu og þekkingu til að starfa sem stjórnarmaður í bankanum.

- 4. Liv Fiksdahl:** Liv er fædd árið 1965. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á aðalfundi 20. mars 2019. Liv er formaður starfskjaranefndar og tækninefndar stjórnar og á sæti í endurskoðunarnefnd stjórnar. Liv útskrifaðist með gráðu í Fjármálum og stjórnun frá Trondheim Business School og hefur lokið viðbótarnámi frá Stanford University, INSEAD og MIT. Liv sat m.a. í framkvæmdastjórn DNB í 10 ár og starfaði áður hjá Danske Bank/Fokus Bank og Svenska Handelsbanken. Liv hefur jafnframt viðtæka reynslu af stjórnarstörfum, m.a. hjá SAS, Intrum AB, Finans Norge og Sparebankforeningen. Í dag starfar Liv sem aðstoðarforstjóri hjá Capgemini Invent í Noregi og situr í stjórn Posten Norge AS og Hexagon Purus ASA.

Liv á að baki áralanga starfsreynslu í norrænum fjármálafyrirtækjum og jafnframt fjölbreytta reynslu af stjórnarstörfum. Sérþekking Liv er á sviði upplýsingatækni, sjálfbærni, starfskjaramála og upplifunar viðskiptavina. Það er mat tilnefningarnefndar, að teknu tilliti til Leiðbeininga um



stjórnarhætti fyrirtækja, að Liv sé óháð bankanum, stjórnendum hans og stórum hluthöfum. Tilnefningarnefnd telur að Liv búi yfir nauðsynlegri þekkingu og reynslu til starfa sem stjórnarmaður bankans.

5. Steinunn Kristín Þórðardóttir: Steinunn er fædd árið 1972. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á hluthafafundi 30. nóvember 2017. Steinunn er formaður áhættunefndar stjórnar og situr í starfskjaranefnd og tækninefnd stjórnar. Steinunn er með MIM gráðu í Fjármálum frá Thunderbird, Arizona og BA gráðu í alþjóðaviðskiptum og stjórn málafræði frá University of South Carolina. Steinunn starfaði áður sem framkvæmdastjóri Íslandsbanka í Bretlandi og framkvæmdastjóri hjá Beringer Finance í Noregi. Steinunn starfaði sem fjármálastjóri Arundo Analytics AS í Osló, Noregi. Steinunn starfar nú sem ráðgjafi og fjárfestir í hugbúnaðarfyrirtækjum í Noregi. Steinunn á 12.000 hluti í bankanum.

Steinunn hefur víðtæka reynslu af stjórnarstörfum og banka- og fjármálastarfsemi. Styrkleikar Steinunnar liggja á sviði áhættustýringar, stefnumótunar, fjártækni og útlánastarfsemi. Það er mat tilnefningarnefndar, að teknu tilliti til Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja, að Steinunn sé óháð bankanum, stjórnendum hans og stórum hluthöfum. Tilnefningarnefnd telur að Steinunn búi yfir nauðsynlegri reynslu og þekkingu fyrir störf stjórnarmanns í bankanum.

5. Tillaga tilnefningarnefndar um formann stjórnar Arion banka hf.

Nafn: Paul Horner

Paul Horner, núverandi varaformaður stjórnar, hefur setið sem óháður stjórnarmaður í stjórn Arion banka frá árinu 2019 og sem varaformaður stjórnar frá 2021. Paul hefur víðtækan bakgrunn í bankastarfsemi og mikla alþjóðlega reynslu af áhættustýringu. Sem varaformaður stjórnar sl. þrjú ár hefur Paul m.a. komið fram fyrir hönd bankans í samskiptum við innlenda og erlenda eftirlits- og matsaðila. Tilnefningarnefnd telur, með hliðsjón af reynslu og störfum Paul sem lýst hefur verið að framan, að hann sé afar hæfur og vel til þess fallinn að gegna hlutverki formanns stjórnar Arion banka.

6. Tillaga tilnefningarnefndar um varaformann stjórnar Arion banka hf.

Nafn: Kristín Pétursdóttir

Kristín Pétursdóttir, núverandi stjórnarmaður, hefur setið sem óháður stjórnarmaður í stjórn Arion banka frá árinu 2023. Kristín hefur fjölbreyttan bakgrunn úr bankastarfsemi, m.a sem forstjóri og stjórnarformaður fjármálafyrirtækja og hefur staðgóða þekkingu á íslensku viðskiptalífi. Tilnefningarnefnd telur, með hliðsjón af bakgrunni og hæfni Kristínar sem lýst hefur verið að framan, að hún sé vel til þess fallin að gegna hlutverki varaformanns stjórnar Arion banka.

7. Tillögur tilnefningarnefndar um skipun varamanna í stjórn Arion banka hf.

Tilnefningarnefnd Arion leggur til að eftirfarandi tveir einstaklingar verði kjörnir varamenn í stjórn bankans á aðalfundi Arion banka 13. mars 2024:

Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir: Sigurbjörg er fædd árið 1970. Hún hefur verið varamaður í stjórn Arion banka síðan 20. mars 2014. Sigurbjörg útskrifaðist með Cand. Jur gráðu frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1996 og LLM gráðu frá Cambridge háskóla árið 1998. Sigurbjörg starfar hjá Landsvirkjun en áður starfaði hún m.a. sem framkvæmdarstjóri hjá RISK Medical Solutions, stefnufulltrúi hjá Nato 1999-2018 og lögfræðingur hjá Innanríkisráðuneytinu á árunum 2014 til 2015. Það er mat tilnefningarnefndar, að teknu tilliti til Leiðbeininga



um stjórnarhætti fyrirtækja, að Sigurbjörg sé óháð bankanum, stjórnendum hans og stórum hluthöfum. Tilnefningarnefnd telur að Sigurbjörg búi yfir nauðsynlegri reynslu og þekkingu fyrir störf sín sem varamaður í stjórn bankans.

Einar Hugji Bjarnason: Einar Hugji er fæddur árið 1977. Hann hlaut réttindi sem hæstaréttarlögmaður 2012, réttindi sem héraðsdómsslögmaður árið 2006 og lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2005. Einar Hugji hefur starfað sem lögmaður hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur frá 2017 og áður hjá Atlas lögmönnum, Íslensku lögfræðistofunni og hjá Mörkinni lögmannastofu. Einar Hugji var varamaður í stjórn Júpíters rekstrarfélags hf. (nú Kvika eignarstýring hf.), formaður stjórnar Inkasso ehf. og formaður stjórnar Gamma Capital Management frá 2020. Einar Hugji sat í starfshópi um „Leiðréttinguna“, sat í stjórnarskrárnefnd 2013-2017 og situr nú sem formaður fjölmiðlanefndar. Einar Hugji á 32.000 hluti í bankanum.

Það er mat tilnefningarnefndar, að teknu tilliti til Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja, að Einar Hugji sé óháður bankanum, stjórnendum hans og stórum hluthöfum. Tilnefningarnefnd telur að Einar Hugji búi yfir nauðsynlegri reynslu og þekkingu fyrir störf sín sem varamaður í stjórn bankans.

8. Umfjöllun um aðra frambjóðendur til aðalstjórnar Arion banka hf.

Eins og áður sagði bárust fjórtán framboð til aðalstjórnar, þar af fimm frá sitjandi stjórnarmönnum. Sjö af þeim níu frambjóðendum sem ekki hlutu tilnefningu drógu framboð sín til baka þegar þeim var tilkynnt að þeir hlytu ekki tilnefningu.

Þeir tveir frambjóðendur sem ekki hlutu tilnefningu til stjórnarsetu en hafa upplýst nefndina um vilja sinn til að vera áfram í kjöri til stjórnar á aðalfundi Arion banka 13. mars 2024 eru Peter Franks og Guðrún Johnsen.

Guðrún Johnsen: Guðrún er fædd árið 1973. Hún útskrifaðist með doktorsgráðu í hagfræði frá École Normale Supérieure háskóla í Frakklandi árið 2019. Guðrún er með meistaragráðu í hagnýtri hagfræði frá Ann Arbor háskóla í Michigan, Bandaríkjunum og BA gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands. Guðrún hefur frá upphafi árs 2023 starfað sem efnahagsráðgjafi hjá Danmarks Nationalbank. Frá árinu 2021 fram til 2023 starfaði Guðrún sem lektor í stjórnarháttum fyrirtækja hjá viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn. Þá starfaði Guðrún sem lektor í fjármálum við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands 2013 til 2018 og sem lektor í fjármálum við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík 2006 til 2016. Guðrún sat í stjórn Lífeyrissjóðs Verzlunarmanna frá árinu 2019 fram til ársins 2023. Hún starfaði fyrir Rannsóknarnefnd Alþingis 2009-2010, sat í stjórn Gagnsæi – samtaka gegn spillingu, Íslandsdeild Transparency International, stjórnarmaður, 2013 til 2021 og þar af sem formaður stjórnar 2014 til 2016. Guðrún var efnahagsráðgjafi VR 2020-2021. Guðrún var varaformaður stjórnar Arion banka frá 2010-2017.

Peter Franks: Peter er fæddur árið 1970 og sænskur og ástralskur ríkisborgari. Hann er með Meistaragráðu í hagfræði frá Macquarie University í Ástralíu frá 1994 og löggiltur endurskoðandi í Ástralíu 2003. Peter starfar nú sem tímabundinn fjármálastjóri hjá AVIDA Finans AB í Svíþjóð og hefur frá 2019 sinnt ráðgjöf og fjármálastjórn undir merkjum eigin félags, Nordic Directorship & Interim Management AB í Svíþjóð. Á árunum 2016-2019 starfaði Peter sem fjármálastjóri NREP (Nordic Real Estate Partners). Áður starfaði Peter hjá endurskoðunarfyrirtækinu EY í yfir 20 ár víða um heim og kom m.a. að endurskoðun Arion banka sem starfsmaður fjármálaþjónustu EY EMEIA á árunum 2008-2014.

Tilnefningarnefnd vill upplýsa hluthafa um röksemdir sínar og ástæður þess að aðurnefndir níu frambjóðendur hlutu ekki tilnefningu til stjórnarkjörs. Hér eru þó eðlilega þeir annmarkar til staðar að nefndin getur ekki upplýst um nöfn og ítarlegan bakgrunn frambjóðenda sem dregið hafa framboð sitt til baka.

Af þeim níu frambjóðendum sem ekki hlutu tilnefningu voru að mati tilnefningarnefndar tveir frambjóðendur með menntun, reynslu og þekkingu á íslensku viðskiptalífi og fjármálamörkuðum sem nauðsynleg telst til að geta sinnt stjórnarstörfum fyrir Arion banka með viðunandi hætti. Niðurstaða tilnefningarnefndar var þó að



sambærileg þekking og reynsla, jafngóð ef ekki betri, væri nú þegar til staðar innan núverandi stjórnar og því væri ekki réttlætanlegt að mæla með því við hluthafa að kjósa annan eða báða þessa frambjóðendur í stjórn bankans í stað sitjandi stjórnarmanna.

Hinir sjö frambjóðendurnir höfðu að mati tilnefningarnefndar ekki fyllilega til staðar þann bakgrunn, menntun og/eða reynslu, sem gæfi tilefni til tilnefningar til stjórnarsetu í Arion banka.

Tveir þeirra eru lögmenn með ágæta reynslu á því sviði, nokkra þekkingu á fjármálamörkuðum og nokkra reynslu af stjórnarstörfum. Í ljósi þess að reyndur lögmaður situr nú þegar í stjórn bankans, var það niðurstaða tilnefningarnefndar að fullnægjandi þekking á þessu sviði væri þegar til staðar í aðalstjórn bankans og því ekki grundvöllur til tilnefningar.

Aðrir tveir frambjóðendur sem ekki hlutu tilnefningu eru annars vegar með menntun í hagfræði og hins vegar verkfræðimenntun, með starfsreynslu á opinberum vettvangi og í fjártækni en takmarkaða reynslu af fjármálamörkuðum og stjórnarsetu í fjármálafyrirtækjum. Var það niðurstaða tilnefningarnefndar að tilnefna ekki þessa frambjóðendur vegna skorts á þekkingu á fjármálamörkuðum.

Þrír frambjóðendur eru erlendir ríkisborgarar, tveir þeirra með mikla reynslu af störfum fyrir erlenda banka eða fjármálafyrirtæki og sá þriðji á sviði endurskoðunar og ráðgjafar, en allir teljast hafa takmarkaða reynslu af stjórnarsetu og takmarkaða þekkingu á íslensku samfélagi eða viðskiptalífi. Í ljósi þess að nær öll starfsemi Arion banka fer fram innanlands, og að í stjórn bankans sitja þegar tveir erlendir ríkisborgarar með mikla reynslu, taldi tilnefningarnefnd ekki grundvöll fyrir tilnefningu þessara einstaklinga.

9. Tillaga um þóknun stjórnarmanna Arion banka hf.

Í samræmi við starfsreglur tilnefningarnefndar fellur það í hlut tilnefningarnefndar að leggja fram tillögu um þóknun til stjórnarmanna og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar, sbr. 6. dagskrárlið í fundarboði vegna aðalfundar árið 2024.

Við mat á þóknun til stjórnarmanna hefur tilnefningarnefnd yfirfarið margvíslegar upplýsingar og gögn, þar með talið allan kostnað í tengslum við störf stjórnar bankans, þóknar til stjórnarmanna í sambærilegum skráðum félögum á Íslandi og erlendis, sem og í öðrum bönkum á Íslandi, lagt mat á störf stjórnar í samræmi við kröfur um vinnuframlag og stærð stjórnar, og greiningu á störfum undirnefnda stjórnar. Þá hefur tilnefningarnefnd litið til þess að laun innan samstæðu bankans hækkuðu að meðaltali um 4% milli ára. Tilnefningarnefnd hefur líka horft til ákalls í atvinnulífinu um hóflegar launahækkar í tengslum við kjarasamninga. Jafnframt átti tilnefningarnefnd samtöl við stærstu hluthafa bankans þar sem þóknar til stjórnarmanna voru til umræðu.

Að teknu tilliti til ofangreinds leggur tilnefningarnefnd til að stjórnarlaun hækki um 15.000 kr., eða um 2,7%, og verði 565.000 kr. á mánuði (2023; 550.000 kr.). Laun formanns verði sem fyrr tvöföld stjórnarlaun og laun varaformanns verði sem fyrr 50% hærri en stjórnarlaun.

Að auki leggur tilnefningarnefnd til að laun vegna setu í undirnefndum stjórnar hækki um 10.000 kr. og verði 235.000 kr. á mánuði (2023; 225.000 kr.) og að laun fyrir formennsku í undirnefndum stjórnar verði 352.500 kr. á mánuði (2023; 337.500 kr.). Eingreiðsla vegna ferðalaga stjórnarmanna sem búa erlendis verði 365.000 kr. (2023; 350.000 kr.). Þá er lagt til að varamönnum stjórnar verði greidd eingreiðsla sem nemur stjórnarlaunum fyrir einn mánuð, 565.000 kr. (2023; 550.000), í upphafi starfsárs, og 282.500 kr. (2023; 275.000) fyrir hvern setinn stjórnarfund en geta þó ekki orðið hærri en 565.000 á mánuði.

10. Umfjöllun um störf tilnefningarnefnda



Á síðustu vikum hafa komið fram opinberlega sjónarmið um störf og fyrirkomulag tilnefningarnefnda, af hálfu stofnanafjórfa sem eru meðal stærstu hluthafa Arion banka. Tilnefningarnefnd Arion banka telur því vert að fjalla um nokkur álitæfni sem þar hafa verið nefnd.

Fram hafa komið sjónarmið um að vald tilnefningarnefnda sé of víðtækt þar sem algengt sé að frambjóðendur sem ekki eru tilnefndir af tilnefningarnefndum dragi framboð sitt til baka, sem leiði til þess að hluthafar viti ekki hverjir buðu sig fram, oft sé því sjálfkjörið í stjórnir og hluthafar hafi þannig í raun framselt atkvæðisrétt sinn til tilnefningarnefnda. Fram hefur komið sú skoðun að betur færi á að tilnefningarnefndir skili hluthöfum rökstuddum opnum umsögnum um alla þá frambjóðendur sem tilnefningarnefndin telur hæfa, og hluthafar fái að velja milli hæfra umsækjenda.

Tilnefningarnefnd Arion tekur undir að það er óheppilegur fylgifiskur tilnefningaferla að frambjóðendur sem ekki hljóta tilnefningu dragi framboð sitt til baka. Það er hins vegar hagsmunamat og réttur hvers og eins frambjóðanda, sem ekki er unnt að takmarka. Nefndin hefur einnig skilning á því að hluthafar, sem ekki hafa fylgst með tilnefningarferlinu, finnist skorta gagnsæi ef ítrekað er sjálfkjörið í stjórnir í samræmi við tillögur tilnefningarnefnda þegar mun fleiri framboð hafi borist á fyrri stigum tilnefningarferlis en þau hafi síðar verið dregin til baka.

Vert er að benda á að starfsreglur tilnefningarnefndar Arion banka, sem byggðar eru á 53. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, kveða á um að nefndinni beri að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu, og þá ekki eingöngu að teknu tilliti til hæfis þeirra, heldur einnig á grundvelli þess að stjórnin hafi til að bera fjölbreytta reynslu og þekkingu, og að kynjajafnvægis sé gætt.

Ef tilnefningarnefndir framkvæmdu einungis hæfismat, án þess að horfa til heildarsamsetningar stjórnar, yrði ekki tryggt að kosning myndi skila nauðsynlegri fjölbærni og þekkingu innan stjórnar. Þetta er sérstaklega mikilvægt í tilviki flókens reksturs Arion banka, þar sem tryggja þarf að stjórnin sé þannig samsett að til staðar sé þekking og reynsla á mörgum sviðum, sem nær yfir rekstur bankans s.s. útlánastarfsemi, áhættustýringu, fjármögnun, upplýsinga- og fjártækni, þjónustu við viðskiptavinum stóra sem smáa og lögfræði, auk þekkingar á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Hætt er við að kosning á grundvelli hæfismats einvörðungu gæti leitt til of einsleitrar stjórnar og jafnframt að kynjajafnvægi væri ekki til staðar en þá kæmi að vísu til endurkjörs í samræmi við samþykktir bankans.

Að mati tilnefningarnefndar Arion banka er lykilatriði að tilnefningarnefndir eigi góð samskipti við hluthafa á meðan tilnefningarferlið stendur yfir. Meirihluti tilnefningarnefndar Arion banka er kjörin af hluthöfum og hluthafar eiga kost á því að eiga skilvirk og gagnvirk samskipti við nefndina. Hluthafar bankans eru hins vegar tæplega 11 þúsund talsins og samskipti milli tilnefningarnefndar og hluthafa hljóta því að takmarkast við stærstu hluthafa bankans. Tilnefningarnefnd Arion banka birtir jafnan við upphaf tilnefningaferlis tilkynningu í kauphöll þar sem hluthöfum er boðið að setja sig í samband við nefndina, og sendir jafnframt 20 stærstu hluthöfum bankans, sem fara með um 2/3 hlutafjár hans, tölvupóst þess efnis. Nefndin hefur á síðustu vikum átt fjölmarga fundi með stærstu hluthöfum bankans þar sem farið hefur verið yfir tilnefningarferlið, hluthafar hafa miðlað skoðunum sínum og nefndin hefur fært rök fyrir tilnefningum sínum. Það er mat nefndarinnar að skilvirk samskipti milli tilnefningarnefndar og hluthafa séu til þess fallin þess að auka traust hluthafa á tilnefningarferlinu.

Í umræðu um tilnefningarnefndir hafa komið fram sjónarmið um að heppilegra sé að stjórnarmenn sitji ekki í tilnefningarnefndum. Tilnefningarnefnd Arion banka getur tekið undir það sjónarmið en vekur athygli á því að í tilviki Arion banka kveður 53. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki á um að lágmarki einn stjórnarmaður skuli sitja í tilnefningarnefnd bankans.

Loks hafa komið fram sjónarmið um að bein kosning stjórnarformanns væri æskileg, í stað þess að kjörnir stjórnarmenn skipti sjálfir með sér verkum í kjölfar stjórnarkjörs. Í tilviki Arion banka er hið fyrnefnda raunin, þar sem bein kosning formanns er á dagskrá aðalfundar í kjölfar stjórnarkjörs og hluthafar geta þar kosið



formann úr röðum stjórnarmanna. Fyrirkomulag þetta hefur verið við lýði allt frá skráningu bankans í kauphöll árið 2018.